



UST

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Stuðulindarmat 24  
IS - 108 Reykjavík, Iceland

Tel: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Umhverfisstofnun
Áb. _____
23 JUNI 2004
_____
Tilv. _____

22. júní 2004

Tilvísun: UST20040600137/6á

**Enduruppbygging vélflugbrautar á Sandskeiði, Kópavogi og Seltjarnarnesi.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 14. júní sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

*Framkvæmd*

Um er að ræða endurbyggingu vélflugbrautar á Sandskeiði. Endurbygging brautarinnar er að mestu leyti á núverandi flugbraut en þó þarf að færa brautina um 120 metra í suðaustur. Einnig verður komið fyrir grjótvörn við suðaustur-enda brautarinnar til að verja flugbrautina fyrir leysingavatni.


*Umhverfi*

Framkvæmdin er að mestu innan athafnasvæðis flugbrautarinnar en lenging brautarinnar til suðvesturs er á svæði sem er að hluta graslendi og að hluta á deiglendi. Engar upplýsingar eru um gróðurfar eða fuglalíf í tilkynningu framkvæmdaraðila. Framkvæmdin er hvorki innan friðlýstra svæði né annarra svæða á náttúruminjasrá. Engar jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eru á svæðinu. Framkvæmdasvæðið er á vatnsverndarsvæði, sk. fjarsvæði A.


*Umhverfisáhrif*

Aðallega er um að ræða enduruppbyggingu á eldri flugbraut og vegna lítils umfangs telur stofnunin ekki líkur á því að jarðrask við suðvestur-enda flugbrautarinnar valdi verulegum neikvæðum áhrifum á gróðurfar eða fuglalíf. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að gerðar verði allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun grunnvatns. Því telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun minnir á að framkvæmdir skulu fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br., reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 35/1994 um olíumengun frá starfsemi í landi, og samþykkt um verndasvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar.

  
Olafur Arnason  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst,

  
Stefán Einarsson  
Staðgengill forstöðumanns  
framkvæmda og eftirlitssviðs